



Ineqi Kielsen, Irene Johansen, Karin Gaardsted, Knut Storberget og
Suzanne Svensson
Norðurlandaráð

20. janúar 2017

Svar við skriflegri fyrirspurn E 32/2016 um losun örplasts frá dekkjaúrgangi og málningu

Fulltrúar Norðurlandaráðs Ineqi Kielsen (S), Irene Johansen (A), Karin Gaardsted (S), Knut Storberget (A) og Suzanne Svensson (S) beindu þann 13. desember 2016 eftirfarandi fyrirspurn til Norrænu ráðherranefndarinnar:

- Hve stóran hluta mengunar á Norðurlöndum af völdum örplasts í umhverfi sjávar og ferskvatns má rekja til rigningarvatns/yfirborðsvatns og ekki til skólps, sem farið hefur í gegnum hreinsistöðvar?
- Í hve miklum mæli er rigningarvatn/yfirborðsvatn á Norðurlöndunum í dag hreinsað áður en því er veitt í sjó, firði, stöðuvötn, ár o.s.frv.?

Svar:

Mengun af völdum örplasts er málefni, sem umhverfissvið Norrænu ráðherranefndarinnar telur vera mjög brýnt í dag. Það verður líka meginumræðuefnið á fyrsta fundi norrænu umhverfismálaráðherranna 2. maí 2017. Ennfremur eru norrænar umhverfisstofnanir að þróa áætlun um plast, þar sem örplast kemur mikið við sögu.

Norræna ráðherranefndin býr þó ekki yfir ítarlegum upplýsingum um losun örplasts á Norðurlöndum né um hreinsun rigningar- og yfirborðsvatns á Norðurlöndum og getur því ekki svarað skriflegu fyrirspurninni E 32/2016. Norræna ráðherranefndin er fyrst og fremst vettvangur samstarfs ríkisstjórna og starfar ekki sem upplýsingamiðstöð um umhverfistengdar upplýsingar og þekkingu. Þó svo að Norræna ráðherranefndin fjármagni líka stundum söfnun þekkingar varðandi mikilvæg umhverfismál, höfum við ekki vitneskju um viðkomandi losun og umfang hreinsunar vatns. Við viljum þó gjarnan nota tækifærið til að vekja athygli Norðurlandaráðs á riti sem tengist málinu TN 2016: 510 "Microlitter in sewage treatment systems – A Nordic perspective on waste water treatment plants as pathways for microscopic anthropogenic particles to marine systems", og sem gæti verið áhugavert.



Fyrir hönd Norrænu ráðherranefndarinnar um umhverfismál

Ósló, 23. janúar 2017

Vidar Helgesen
Loftslags- og umhverfismálaráðherra